

um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir:

Að vestan verða mörkin bein lína úr Akurey í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

2. gr.

Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekjumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kauptúnið Höfn í Hornafirði er verzlunar- og útgerðarstaður Austur-Skaftfellinga. Er þar eina höfnin í sýslunni. Fyrir 20 árum var Nesjahreppi skipt. Hafnarkauptún var þá gert að sérstöku sveitarfélagi. Nær Hafnarhreppur yfir landareign jarðarinnar Hafnarness, og voru landamerki þeirrar jarðar látin ráða hreppamörkum. Hafnarhreppur tók þá að sér rekstur hafnarinnar að öllu leyti, en fyrsta hafnarreglugerðin var sett í Nesjahreppi 1936.

En svo hagar til við höfnina, að eyjan Ósland, sem fyrir nokkru var tengd landi Hafnarkauptúns með uppmokstri úr höfninni og upphlöðnum vegi, liggur að henni að suðvestan. En eyjan Ósland er í landi jarðarinnar Horns, sem er í Nesjahreppi. Þannig er aðliggjandi land hafnarinnar í tveimur hreppum.

Miklar hafnarframkvæmdir standa nú fyrir dyrum í Hornafirði. Fyrirhuguð hafnarmannvirki eiga m. a. að koma meðfram Óslandinu, enda aðstaða þar hin ákjósanlegasta. Höfninni er því nauðsyn á að fá land í Óslandinu.

Samkomulag hefur ekki tekizt á milli hreppsnefnda Nesjahrepps og Hafnarhrepps um breytingu hreppamarka, þannig, að Óslandið tilheyrði Hafnarhreppi. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur haft á hendi milligöngu um samningaviðræður á milli aðila, og hefur hann tjáð, að nánast virðist ágreiningurinn orðinn um bótaupphæð, og gætu þá sættir tekizt um, að Óslandið félli allt til Hafnarhrepps. Ákjósanlegast hefði verið, að hrepparnir hefðu getað náð samkomulagi sín í milli um málið. Hafnarmálið er mál allra Austur-Skaftfellinga og því naumast ágreiningsefni að greiða fyrir auknum hafnarframkvæmdum, sem ekki þola bið.

Með frv. er gert ráð fyrir, að enn verði reynt til þrautar að ná samkomulagi um bótafjárhæð til Nesjahrepps vegna Óslandsins, en jafnframt lagt til, að matsgerð óvilhallra aðila verði látin skera úr um bótagreiðslu vegna breytinga á hreppamörkunum.

Fr. þetta er flutt að eindreginni ósk hreppsnefndar Hafnarhrepps. Það er sniðið í samræmi við lög, er áður hafa verið sett til breytinga á mörkum sveitarfélaga.

Frumvarp þetta fjallar aðeins um breytingu á hreppamörkum. Eftir er fyrir Hafnarhrepp að eignast landið, sem er í einkaeign margra aðila.

Allir þingmenn Austurlandskjördæmis standa að flutningi þessa frumvarps.